

Unnandi íslenskar tungur

Fyrir nokkrum árum setti Logi Einarsson, ráðherra menningar, háskóla og nýsköpunar, inn ljósmynd á Facebook sem vakti mikla umræðu um staðbundinn orðaforða. Á myndinni mátti sjá Astrid Lindgren reka út úr sér tunguna og með fylgdi spurningin hvort rithöfundurinn væri að „ulla“ eða „unna“. Sjálfur sagðist Logi hafa alist upp við að „unna“.



Unnað á ljósmyndara Árnastofnunar.

Orðið *ulla* er í *Íslenskri nútímamálsorðabók* flokkað sem barnamál og merkir að reka út úr sér tunguna einhverjum til háðungar. Yfirleitt fylgir ullinu einhvers konar hljóð. Veika sögnin *unna*, eins og í *ég unnaði á krakkana*, kemur hins vegar hvergi fyrir í íslenskum orðabókum. Líkt og sjá má á viðbrögðum við færslu nýs ráðherra er þetta orð þó vel þekkt. Þar má meðal annars sjá þessi svör:

Unna, ég unnaði alltaf í denn ? (kona á Akureyri)

Rámar í að hafa heyrt 'unna' og að hafa undrast nokkuð því hjá okkur var talað um að 'ulla' en við erum náttúrulega ekki beinlínis innfæddir Akureyringar (maður frá Akureyri)

Held að unna sé akureyríska, hef bara heyrt fólk þaðan nota orðið (kona á Akureyri)

Ég var hreinlega búin að gleyma að ég unnaði þegar ég var barn... langar stundum að láta það eftir mér í dag... en þá myndi ég líklegast ulla (kona frá Akureyri búsett í Reykjavík)

Man vel eftir því að unna. Var vissulega amk málvenja hér á Ak í denn ... (maður á Akureyri)

Ég er helst á því að við krakkarnir höfum „Nnnað“ hvert á annað í bernsku minni á Akureyri. Sögðum þetta um leið og við framkvæmdum verknaðinn. (maður frá Akureyri)

Við unnuðum austur í Neskaupsstað, man ekki eftir því að hafa ullað ? (kona á Neskaupsstað)

Svörin hér að framan benda til þess að notkun veiku sagnarinnar *unna* sé einkum bundin við Norðurland. Tuttugu og átta heimildarmenn frá Akureyri og af öðrum stöðum á Norðurlandi könnuðust vel við orðið og sögðust hafa notað það í æsku. Jákvæðu svörin voru þó ekki bundin við Norðurland því einn heimildarmaður frá Neskaupstað og einn frá Reykjavík töldu sig einnig hafa notað *unna* frekar en *ulla*.

Á svörunum má þó líka sjá að sögnin *ulla* hafi einnig verið mikið notuð á Norðurlandi og margt bendir til þess að hún hafi verið ráðandi á síðastliðnum áratugum. Allavega bera sumir norðlenskir heimildarmenn því við að þeir hafi gleymt sögninni *unna* sem þeir þekktu svo vel í æsku.

En hvers vegna skyldi veika sögnin *unna* hvergi koma fyrir í íslenskum orðabókum? Nærtækasta og líklegasta skýringin er sú að orðið *unna* er eða hefur einkum verið notað í talmáli yngstu kynslóðarinnar og þar að auki bundið við ákveðinn landshluta. Slík orð rata sjaldan á prent eða í opinbera umræðu og þar af leiðandi eru litlar heimildir um notkun. Ein aðferð er þó að kalla eftir upplýsingum beint frá málhöfum eins og gert var í þessu tilviki.

Heimildir

[Guðrún Kvaran. Hver er uppruni orðsins „að ulla“? Vísindavefurinn, 4. nóvember 2022. Íslensk nútímamálsorðabók.](#)

Mynd

Sigurður Stefán Jónsson